

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs Rangæinga

Gildissvið

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna sjóðsins á fyrst og fremst við um skráðar innlendar fjárfestingar þar sem sjóðurinn fer með verulegan eignarhlut, þ.e. þar sem sjóðurinn á 5% eða hærra beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags, eða þar sem eignarhlutur er 1% eða meira af heildareignum lífeyrissjóðsins.

Markmið hluthafastefnu þessarar er að skilgreina þær kröfur sem sjóðurinn gerir að jafnaði til þeirra félaga sem hann fjárfestir í ásamt því að auka gagnsæi sjóðsins sem hluthafi og stuðla að trúverðugri aðkomu lífeyrissjóðsins að viðkomandi félögum.

Rekstur Lífeyrissjóðs Rangæinga er í höndum Arion banka skv. sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann og sinna því starfsmenn hans rekstri og eignastýringu sjóðsins.

Samkeppnissjónarmið

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á að félög sem sjóðurinn á eignarhluti í eigi að jafnaði í virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlutum í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Sjóðurinn styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja félaga á sama markaði. Til viðbótar koma fram frekari kröfur hér fyrir neðan er varða stjórnarkjör og samskipti við stjórn og stjórnendur þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa.

Hluthafafundir

Lífeyrissjóðurinn yfirfer tillögur sem leggja á fyrir hluthafafundi félaga sem falla undir stefnu þessa, tekur afstöðu til þeirra og metur hvort þær samrýmast hagsmunum lífeyrissjóðsins. Almennt munu tillögur stjórnar vera studdar að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir viðkomandi félag og í samræmi við stefnu þessa.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum félaga sem falla undir stefnu þessa nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins og gefur honum jafnframt upplýsingar um hvernig fara eigi með atkvæði sjóðsins á hluthafafundi.

Val og kröfur til stjórnarmanna

Ákveði Lífeyrissjóður Rangæinga að leggja fram tillögu um stjórnarmenn fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram, mun stjórn sjóðsins taka ákvörðun um hvaða einstaklinga sjóðurinn styðji til stjórnarsetu í viðkomandi félagi. Slíkt val byggir á faglegu ferli þar sem horft er m.a. til þekkingar og reynslu einstaklinga ásamt samsetningu stjórnar hjá viðkomandi félagi. Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs Rangæinga og starfsmenn rekstraraðila sem þjónusta sjóðinn taka að jafnaði ekki sæti í stjórnnum félaga í umboði Lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að stjórnarmenn í félögum sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við góða stjórnarhætti, séu sjálfstæðir í störfum sínum og hafi ætíð hagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi. Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að stjórn félaga sem falla undir stefnu þessa starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gæti að því að jafnvægi sé á milli langtímahagsmuna félagsins og að hámarka virði þess.

Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á að sjálfstæði stjórnarmanna sé virt sem og þagnar- og trúnaðarskylda sem á þeim hvílir. Ef lífeyrissjóðurinn þarf að eiga samskipti við stjórn og/eða stjórnendur félags skal það gert í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags. Gæta þarf að slík samskipti séu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur um meðferð innherjaupplýsinga.

Telji sjóðurinn ástæðu til að gera athugasemdir við verklag félags sem fellur undir stefnu þessa mun hann koma ábendingum þar um á framfæri þess efnis. Sé ekki brugðist við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundi eða með öðrum hætti.

Starfskjör

Við ákvörðun um starfskjör starfsmanna og stjórnarmanna þeirra félaga sem falla undir stefnu þessa á að gæta hófs og líta m.a. til stærðar og umfangs félagsins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem viðkomandi félag starfar á. Sjóðurinn gerir þá kröfu að starfskjarastefna félaga uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs Rangæinga er staðfest á stjórnarfundi 20. nóvember 2023.